



## Reglur um styrki til framboða við sveitarstjórnarkosningar í Þingeyjarsveit

Reglur þessar eru til að tryggja jafnræði þeirra framboða sem bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga í Þingeyjarsveit. Forsvarsmaður framboðs skal tilkynna sveitarstjóra um fyrirhugað framboð eftir að kjörstjórn hefur staðfest lögmæti framboðsins og gilda þá eftirfarandi reglur:

### 1. Aðgangur framboða að húsnæði sveitarfélagsins

Framboðum er heimilaður aðgangur án endurgjalds, að því húsnæði sveitarfélagsins sem hentar til að halda fundi, bæði til undirbúnings framboðs, en einnig til að halda opna framboðsfundi.

### 2. Prentun kynningarefnis

Á skrifstofu sveitarfélagsins er ljósritunarvél/prentari þar sem framboð hafa rétt á að prenta einn bækling án endurgjalds, í því magni sem dugar til að dreifa til allra íbúa í sveitarfélaginu. Prentun miðast við prentun á almennan pappír. Kjósi framboð að prenta á annars konar pappír skulu þau sjálf leggja hann til. Ekki er greitt fyrir póstburðargjöld.

### 3. Fjárhagslegur styrkur

Framboð fá styrk að upphæð 150.000 kr. sem greiða skal til framboðsins eftir að kjörstjórn hefur staðfest lögmæti framboðsins. Styrkurinn er bundinn vísitölu neysliverðs, sem í janúar 2026 er 658,2. Uppreikna skal styrkinn í samræmi við vísitölu til hækkunar í janúar á kosningaári.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 25. mars 2026